

41. ársþing Blaksambands Íslands 2013

Haldið í Reykjavík 8. júní

Þinggerð

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Í setningarræðu hans kom m.a. fram að tekjur ríkisvaldsins eru mjög miklar af Íþróttastarfsemi í landinu og það sé sanngjörn og eðlileg krafa að hreyfingin fái þó ekki nema brot af þeim fjármunum aftur til baka. Það hefur reynst þrautin þyngri að fá ríkisvaldið til þess að auka framlög sín til íþróttamála í landinu til jafns við það sem þekki í nágrannalöndum okkar.

Sveitarfélögin í landinu koma einnig mikið við sögu íþróttahreyfingarinnar. Íþróttamannvirki eru reyndar ekki alltaf byggð með þarfir íþróttanna í huga og það er óásættanlegt að ennþá vanti þjóðarleikvang fyrir inniíþróttir. Það er ekki eðlilegt að íþróttahreyfingin þurfi að lúta hagsmunum fyrirtækja sem þurfa að sýna hagnað af starfsemi sinni.

Á undanförunum árum hefur ríkið vissulega komið til móts við sanngjarnar kröfur íþróttahreyfingarinnar eins og með stofnun ferðasjóðs ÍSÍ. Því miður er það aðeins táknrænn gjörningur fram til þessa. Markmið íþróttahreyfingarinnar er ekki fjárhagslegur ávinningur. En til þess að hægt sé að halda úti lágmarksstarfsemi og ná íþróttalegum markmiðum þá er nauðsynlegt tekjustreymi grundvöllur til þess. Hverri krónu sem varið er til íþróttamála í landinu er vel varið.

Jason nefndi til sögunnar skráningarkerfi sjálfbóðaliðastarfseminnar en það býður upp á þann möguleika að íþróttahreyfingin geti betur gert grein fyrir umfangi og starfsemi sjálfbóðaliða hennar og fái betri yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan Íþróttahreyfingarinnar. Á heimasíðu ÍSÍ er búið að setja upp sjálfbóðaliðavefinn Allir sem einn en þar er hægt að skrá niður þá vinnu sem hver og einn vinnur fyrir hreyfinguna, hvort sem það er með þátttöku í stjórnnum, ráðum, nefndum, vinnuhópum, foreldrastarfi eða í framkvæmd móta og kappleikja svo nokkuð sé nefnt. Jason hvatti alla til að kynna sér þennan vef og nota hann.

Annað mikilvægt atriði er samskipti hreyfingarinnar við fjölmiðla og þá sérstaklega sjónvarp, þar sem það er mikill áhrifavaldur í útbreiðslu og vinsældum íþróttagreina. Í vetur stóð ÍSÍ fyrir fræðslufundi um samskipti við Ríkisútvarpið Sjónvarp. Þann fund sátu formaður og framkvæmdastjóri fyrir hönd BLÍ. Fundurinn var mjög gagnlegur og fyrirhugað er að kynna efni hans á næstunni fyrir forystumönnum blakfélaga; a.m.k. þeirra sem eiga lið í efstu deild.

Á fundinum með sjónvarpinu kom m.a. fram að vinsældir íþróttagreinar, áhugi íþróttafréttamanna og það hversu hentugt það er að sýna viðkomandi grein í sjónvarpi ráða töluvert miklu um það hversu mikil umfjöllunin er. Veltum því næst fyrir okkur hvað vinsældir íþróttagreinar er? Fjöldi iðkenda, fjöldi áhorfenda á kappleikjum, það að auðvelt sé að sýna greinina í sjónvarpi, skilningur á leikreglum og gangi leiksins, aðgengi að efni frá erlendum stórviðburðum og svona mætti lengi

telja áfram. Hver og einn getur staðsett blakið í þetta umhverfi að eigin vild en jafnframt spurt sjálfan sig hvað hægt er að gera til þess að auka veg blaksins í landinu.

Ljóst er að blakhreyfingin á mikið verk óunnið í markaðssetningu, útbreiðslu og kynningu á greininni á landinu. Það verkefni verður sífellt í gangi. Það er sameiginlegt verkefni stjórnar og félaganna í landinu að sinna þessu verkefni. Stjórnin hefur í hyggju að ramma þessa samvinnu betur inn á næstu misserum og væntir góðrar samvinnu við félögin hvað það varðar og mun taka hugmyndir og tillögur frá þeim til athugunar.

Vissulega er horft til forystunnar hvað svona atriði varðar en hafa ber í huga að hreyfingin er ekki sterkari en félögin sem að henni standa. Allir þurfa að leggjast á eitt um það að koma upplýsingum um blakviðburði til fjölmiðla. Það á ekki síst við um úrslit leikja og það að uppfæra heimasíður með nýjustu upplýsingum og fréttum reglulega.

Blakhreyfingin þarf að sækja á fjölmiðlana en ekki bíða eftir því að þeir komi til okkar. Við þurfum að hafa okkar á hreinu og gera kröfur til okkar sjálfra þá fyrst getum við farið að gera kröfur til annarra.

Umgjörð kappleikja skiptir til dæmis miklu máli í því sambandi. Þar hafa sum félög verið til fyrirmyndar en önnur eiga töluvert í land með að uppfylla eðlilegar kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Frá því að skráning iðkenda íþróttar komst í fastari skorður og varð áreiðanlegri hefur blakiðkendum farið fjölgandi með árunum. Stækkandi hreyfing þarf eðli máls samkvæmt að skipuleggja sig betur og taka störf sín alvarlega. Tími kunningjasamfélagsins (þetta reddast) er löngu liðinn. Grunnvinnuna þurfa félögin að vinna til þess að hægt sé að vinna að framgangi og vexti íþróttarinnar. Eðlilega er sótt á forystuna en stundum er ekki hægt að ljúka verkum vegna þess að aðildarfélögin hafa ekki lokið vinnu sinni í tæka tíð. Tímamörk þarf að virða í hvívetna. Einnig þurfa aðilar (forystumenn, þjálfarar og leikmenn) að vera með lög og reglugerðir á hreinu áður en farið er af stað með gagnrýni, til dæmis í athugasemdum netmiðla. Forystan er að sjálfsgöðu ekki hafin yfir gagnrýni en hún þarf að vera málefnaleg og byggð á sanngirni og þekkingu á gildandi lögum og reglugerðum með það að leiðarljósi að vinna hreyfingunni gagn í stað niðurrifs. Það eru sameiginlegir hagsmunir hreyfingarinnar allrar að svona atriði séu í lagi.

Því miður sjá Íslenskir blakáhugamenn lítið af erlendu blaki í sjónvarpi og fá erlend lið koma til keppni hér á landi. Í haust gefst gott tækifæri til þess að sjá bestu karlalandslið í Evrópu keppa til úrslita í Kaupmannahöfn dagana 28. og 29. september. Nær Íslandi hefur úrslitakeppni EM ekki verið haldin og þess vegna er þetta besti möguleikinn fram til þessa að sjá þessa keppni. Allar nánari upplýsingar um keppnina má sjá á heimasíðu Blaksambandsins.

Árþing BLÍ er æðsta vald í málefnum blakíþróttarinnar á landinu. Á þinginu verða lagðar línur fyrir næstu skref hreyfingarinnar. Hér eiga menn að taka til máls ef þeir hafa skoðanir til þess að auðga umræðuna en ekki bara til þess að vera sammála fjöldanum. Starf ykkar hér á þinginu er því mikilvægt fyrir blakhreyfinguna.

Að lokum óskaði Jason Ívarsson formaður BLÍ þingfulltrúum velfarnaðar í þingstörfum og setti 41. árþing Blaksambands Íslands

## 1. Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Formaður BLÍ ber upp tillögu þess efnis að Hreggviður Norðdahl verði þingforseti og Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Hreggviður Norðdahl tekur við stjórn þingsins.

Hann tilkynnir að til þingsins hafi verið boðað löglega og það sé því lögmætt og þingstörf geti hafist.

## 2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

Þingforseti gerir tillögu um að sameina allsherjar- og leikreglna- og laganefndir. Auk þess starfa fjárhagsnefnd, kjörbréfanefnd og uppstillinganefnd á þinginu.

- a. *Kjörbréfanefnd*, Gunnar Garðarsson stýrir henni og með honum starfa Mundína Ásdís Kristinsdóttir og Valgeir Hilmarsson.
- b. Fjárhagsnefnd, Aðalsteinn Einar Eymundsson stýrir nefndinni.
- c. Allsherjarnefnd, Stefán Jóhannesson.
- d. Uppstillingarnefnd, Jón Ólafur Valdimarsson stýrir nefndinni. Þingforseti biður þingfulltrúa að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum sem eru í salnum.

## 3. Skýrsla síðasta starfsárs

Formaður BLÍ flutti skýrslu stjórnar.

Sú stjórn sem kosin var á síðasta árþingi hélt 8 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu. Að venju voru mörg erindi afgreidd með símtölum og tölvubréfum. Formaður og framkvæmdastjóri voru nær daglega í sambandi út af hinum ýmsu málum.

Mótahald gekk vel á síðasta keppnistímabili og umfang þess hefur aldrei verið meira. Alls voru leiknir 576 leikir í deildar-, bikar – og úrslitakeppnum. Liðum í efstu deild karla og kvenna fjölgaði á milli ára. Liðum í neðri deildum fjölgar einnig þannig að nú er leikið í þremur deildum karla og í sex deildum kvenna.

Keppni yngriflokka gekk einnig vel að venju. Keppendum fer fjölgandi og því var keppnisfyrirkomulagi breytt frá fyrri árum. Afreks- og hæfileikabúðir voru einnig haldnar fyrir unga og efnilega leikmenn.

Úrslitahelgi bikarkeppninnar er orðin sá blakviðburður sem mesta athygli vekur. Helgin er hin besta skemmtun þar sem 4 af bestu blakliðum landsins af báðum kynjum leika til úrslita í frábærri umgjörð í Laugardalshöllinni. Úrslitaleikirnir voru sýndir í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

Nýafstaðið öldungamót var haldið á í Kópavogi í umsjón HK. Fjölgun þátttakenda virðist eiga sér fá takmörk en alls tóku 144 lið þátt í mótinu. Aðstaðan í Kórnum var öll hin besta og mótshaldarar sýndu að það var mikið mál að breyta knattspyrnuhúsi í blakhöll á skömmum tíma. Það eitt opnar væntanlega nýja möguleika fyrir mótshaldara í framtíðinni.

Strandblakið er í mikilli sókn. Völlum fjölgar vítt og breitt um landið og iðkendum íþróttarinnar um leið. Nú er komin aðstaða til þess að stunda strandblak innanhúss og verður sú aðstaða án efa mikil lyftistöng fyrir strandblakið.

Landslið unglinga og fullorðinna tóku þátt í mótum erlendis. Árangurinn hefði getað verið betri, en hafa ber í huga hversu ung greinin er hér á landi svo og landfræðilega lega landsins.

Unglingalandsliðin tóku þátt í NEVZA keppninni. U17 liðin kepptu í Finnlandi þar sem stúlkurnar enduðu í 5. sæti og strákarirnir í 4. sæti. U19 liðin kepptu í Noregi þar sem strákarirnir enduðu í 4. og neðsta sæti en stúlkurnar komu heim með bronsverðlaun.

Mót sem þessi eru nauðsynleg í þroska og framförum yngri leikmanna og reynslan af þátttökunni mun nýtast þeim í framtíðinni.

Helstu verkefni A landsliðanna var þátttaka í undankeppni HM, undankeppni EM og á Smáþjóðaleikunum. Í fyrsta skipti í sögunni tóku lið frá Íslandi þátt í undankeppni heimsmeistarakeppninnar. Konurnar kepptu í Lettlandi en karlarnir í Svíþjóð. Hvorugt liðanna komst áfram í heimsmeistarakeppninni enda við sterkar þjóðir að etja. Vignir Þröstur Hlöðversson náði þeim merka áfanga að leika sinn hundraðasta landsleik í blaki fyrir Íslands hönd. Stjórn BLÍ óskar honum hjartanlega til hamingju með þennan mikla áfanga.

Liðin komust heldur ekki áfram í Evrópukeppninni og á nýafstöðnum Smáþjóðaleikum í Luxemborg töpuðu liðin öllum sínum leikjum. Þannig að uppskera landsliðanna var mjög rýr og tæpast viðunandi, sérstaklega á Smáþjóðaleikunum þar sem krafa um verðlaunasæti hlýtur að vera raunhæf.

Þrátt fyrir fjölgun blakleikja tókst nokkuð vel að fá dómara á alla leiki. Greiðslur fyrir dómngæslu voru hækkaðar á milli ára.

Alþjóðadómararnir Leifur Harðarson, Jón Ólafur Valdimarsson og Sævar Már Guðmundsson fengu allmörg verkefni á árinu. Þau eru tengd keppnum landsliðanna auk verkefna í Evrópudeildinni.

Vegna aldurstakmarkana Alþjóða blaksambandsins þá varð Leifur að hætta dómgæslu á alþjóðavettvangi. Leifur var fyrsti alþjóðadómari Íslands í blaki og því ruddi hann brautina fyrir þá sem á eftir koma. Hann dæmdi fjölmarga leiki á erlendri grundu og stóð sig alltaf með sóma. Blaksambandið færir honum bestu þakkir fyrir störf hans.

Árs- og uppskeruhátíð sambandsins var haldin í félagsheimili Þróttar í Laugardalnum í apríl. Hátíðin tókst með ágætum en heldur færri sóttu hana að þessu sinni þar sem hún var haldin á öðrum tíma en undanfarin ár. Þar voru að venju veitt verðlaun til þeirra leikmanna sem á einn eða annan hátt sköruðu framúr á síðasta keppnistímabili.

Á hátíðinni skemmti Hjálmar Hjálmarsson gestum af sinni alkunnu snilld.

Blakmaður ársins var valinn Orri Þór Jónsson leikmaður með HIK Aalborg og HK. Orri hefur staðið sig vel með sínum félagsliðum auk þess að leika vel með landsliðinu.

Blakkona ársins var valin Hjördís Eiríksdóttir leikmaður með Stjörnunni. Hún var stigahæsti leikmaðurinn í Mikasadeildinni á síðasta keppnistímabili auk þess að standa sig vel með landsliðinu.

Formaður BLÍ sótt þing Alþjóða blaksambandsins sem haldið var í september síðastliðnum. Hann fór einnig á ársþing Evrópusambandsins í október. Í tengslum við það sat hann einnig aðalfundi NEVZA og SCD (smáþjóðasamtakanna).

Þann 11. nóvember síðastliðinn voru liðin 40 ár frá stofnun sambandsins. Tímamótanna var minnst með kaffisamsæti í húsakynnum ÍSÍ á afmælisdaginn.

Albert H.N. Valdimarsson, fyrsti formaður sambandsins, fór nokkrum orðum um tilurð þess að sambandið var stofnað.

Stjórn BLÍ ákvað að gera alla fyrrverandi formenn sambandsins að heiðursformönnum og fengu þeir skjal því til staðfestingar. Að auki voru nokkrir aðrir sæmdir gull- og silfurmerkjum sambandsins.

Umfjöllun um blakið hefur ekki verið fyrirferðamikil í fjölmiðlum að undanfögnu. Morgunblaðið hefur staðið sig einna best fréttamiðla í umfjöllun um íþróttina. Heimasiður sambandsins og félaganna eru fréttaveitur fyrir fjölmiðla og því mikilvægt að koma nýjustu upplýsingum þar fyrir.

Það skiptir miklu máli að gera íþróttina sýnilega í sjónvarpi. Það er sameiginlegt verkefni BLÍ og félaganna að fleiri viðburðir en úrslitaleikirnir í bikarkeppninni verði sýndir í Sjónvarpinu.

Þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi hefur tekist að grynna á skuldum sambandsins, enda er aðhalds gætt í öllum þáttum rekstursins. Með sama áframhaldi ættu þær að vera að mestu úr sögunni um næstu áramót ef ekki kemur neitt óvænt uppá.

Það gefur auga leið að á meðan er verið að greiða skuldir jafnmikið niður og raun ber vitni þá hefur sambandið úr minni fjármunum að spila sem annars færu í að styðja ýmis verkefni sem hreyfingin kallar eftir.

Landsliðsverkefnin eru kostnaðarsöm og þó að leikmenn greiði bróðurpartinn af ferðakostnaðinum þá er kostnaður sambandsins mikill við hvert verkefni. Þrátt fyrir þennan kostnað og freistingu til þess að draga úr honum þá hefur stjórn BLÍ talið þessi verkefni svo mikilvæg að halda beri þeim áfram.

Helstu styrktaraðilar sambandsins eru Sportís, umboðsaðili Asics, Icelandair group og Munir og merking, umboðsaðili Mikasa. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Sú stjórn sem nú er að ljúka starfsári sínu hefur komið töluverðu í verk, enda er hún skipuð samheldnu fólki. Umsvif sambandsins halda áfram að aukast eins og glöggst sést á innihaldi ársskýrslunnar sem þið hafið fyrir framan ykkur. Það verður verkefni næstu stjórnar að halda áfram á þeirri braut að byggja íþróttina upp, breiða hana út og skapa keppnisfólki okkar sem felst verkefni innan lands sem utan.

Formaður þakkaði öllum þeim sem störfuðu að blakmálum á landinu á síðasta starfsári. Það má nefna mótahaldara, dómara, nefndarmenn, (sérstaklega formenn þeirra), stjórnarmenn blakdeilda, forystu KSÍ fyrir aðstoð við umgjörð bikarkeppnina svo og öðrum stuðnings- og styrktaraðilum. Einnig þakkaði hann gott samstarf við íþróttahreyfinguna í landinu, sérstaklega ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri BLÍ fékk einnig bestu þakkir fyrir gott samstarf og mikla og góða vinnu m.a. við gerð þessarar ársskýrslu svo og stjórnarmenn og allir þeir er aðstoðuðu stjórnina á einn eða annan hátt.

**Næst** gerði Gunnar Garðarsson grein fyrir starfi kjörbréfanefndar. Kjörbréf fyrir 5 aðildarfélag höfðu borist;

ÍBA eru tveir, Gunnar Þ. Garðarsson og Ósk Jórunn Árnadóttir  
ÍBR eru níu mættir, Agla Sigríður Björnsdóttir, Lilja Margrét Hreiðarsdóttir, Einar Ólafsson, Torfi Kristjánsson, Birna Guðmundsdóttir, Jón Ólafur Valdimarsson, Sævar Már Guðmundsson, Sigurlaugur Ingólfsson og Hreggviður Norðdahl. ÍBR á 13 fulltrúa á þingi og 9 mættir.

UMSK eru 13 mættir: Guðrún Kristín Einarsdóttir, S. Grétar Eggertsson, Steinn

Einarsson, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, Valgeir Hilmarsson, Hrafnhildur

Theódórsdóttir, Björg Ragna Erlingsdóttir, Heiðbjört Gylfadóttir, Brynja María

Ólafsdóttir, Emil Gunnarsson, Hjördís Eiríksdóttir og Heidi Didriksen. UMSK á 22

fulltrúa á þinginu og 13 mættir.

ÚÍA er 1 mættur: Hlöðver Hlöðversson. ÚÍA á 10 fulltrúa á þingi og aðeins 1 mættur.

USÚ er 1 mættur: Sævar Þór Gylfason. USÚ á 4 fulltrúa á þingi og aðeins 1 mættur.

HSV er einn fulltrúi á bréfi: Sigurður Jón Hreinsson (mætir seint). HSV á 4 fulltrúa á þingi og 1 mættir.

Alls eru 33 þingfulltrúar mættir af 88 sem eiga rétt á að sitja þingið. Enginn fer með 3 atkvæði. Ef þingfulltrúar mæta seint skulu þeir tilkynna sig til kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfin verði samþykkt. Samþykkt einróma

#### **4. Reikningar síðasta starfsárs**

Aðalsteinn Einar Eymundsson, gjaldkeri BLÍ les upp ársreikninga og skýrir þá.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Hlöðver Hlöðversson spurði um mun á A landsliði karla og kvenna.

Aðalsteinn svaraði því með því að útskýra að A landslið karla var einungis skipað 9 leikmönnum og að liðið hafi farið í mun dýrari og lengri ferð til Möltu en konurnar fóru til Luxemborgar.

Reikningar bornir upp og samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

#### **6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ**

Hafsteinn Pálsson flytur ávarp ÍSÍ og færði þingheimi kveðjur framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og forseta ÍSÍ. Í máli hans kom m.a. fram að íþróttahreyfingin þarf alltaf að minna á sig og nota hvert tækifæri til þess að sækja á aukin framlög frá ríkisvaldinu íþróttunum til handa. Auk þess þarf hreyfingin að standa dyggan vörð um Lottóið, en margir aðilar vilja sækja í þá sjóði. Hann talaði um nýafstaðna Smáþjóðaleika og það að þeir verða haldnir hér á landi eftir 2 ár. Hann ræddi um almenningsíþróttir svo sem lífshlaupið, hjólað í vinnuna og kvennahlaupið. Að lokum óskaði hann þingheimi góðs gengis á þinginu og hann vonast til þess að blakíþróttin vaxi og dafni um ókomna tíð.

#### **7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs**

Aðalsteinn Einar Eymundsson leggur fram rekstraráætlun 2013. Leggur til að henni verði vísað til fjárhagsnefndar.

#### **8. Laga- og leikreglnabreytingar**

Sigurbjörn Árni Arngrímsson fer yfir nýja reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ. Fer vel yfir reglugerðina, sjá aftast í þinggerðinni.



## 9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Tillaga frá dómaranefnd um breytingu á starfsreglum Aganefndar BLÍ. Borið upp um að taka þessa tillögu á dagskrá og það samþykkt af þingheimi.

Stefán Jóhannesson kynnir breytingar á starfsreglum Aganefndar BLÍ.

Tillögunni vísað í Allsherjarnefnd.

Fyrir þingið er lögð reglugerð um Öldungamót.

Þingforseti biður um leyfi til að fjalla um bréf vegna Öldungamótsins sem barst stjórn BLÍ. Samþykkt.

Þingið getur ekki afgreitt tillöguna sem er í þessu bréfi. Lagt til að tillögunni verði vísað til stjórnar BLÍ. Samþykkt

## 10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Björn Guðbjörnsson tekur til máls. Hann sagðist hafa sent stjórn BLÍ tillögu sem að því er virðist hafi ekki ratað á þingið fyrir misskilning. Hann bendir á villu í lögum BLÍ þar sem stendur í 14. gr. að heiðursformönnum sé heimilt að sitja stjórnarfundum. Hann þakkar hins vegar fyrir Heiðursformannstitilinn. Björn tjáði þingheimi að þingforseti hafi skautað yfir lið 6 í dagskrá þingsins.

Þingforseti biðst velvirðingar á því og opnar því þann lið.

Tómas Tómasson tekur til máls undir lið 6. Hann sagði að það væri langt síðan hann hafi tekið til máls á þessum vettvangi. Nú væri hann nýkominn heim úr ánægjulegri ferð með karlalandsliðinu á HM í Svíþjóð en um þessar mundir eru 39 ár frá því að hann stýrði íslenska landsliðinu á Norðurlandamóti í Vaxjö í Svíþjóð. Á sínum tíma bar hann saman getu Íslands við hin Norðurlöndin og taldi þá að Ísland vantaði 10 ár að minnsta kosti upp á að standa nokkuð jafnfætis hinum löndunum. Samanburðurinn í dag var að hans mati að nokkuð hefði teygst á þessum 10 árum. Hann vildi því beina því til sambandsins að reyna að fá þjálfara félaganna að þjálfra betur þá sem koma til með að vera í landsliði.

Agla tekur til máls undir lið 10. Hún ræddi aðeins athugasemdir sem ÍK sendi inn vegna Íslandsmóts og deildakeppni. Hennar lið hefur alltaf verið á móti reglunum um 7 leikjahæstu. Athugasemdin sem ÍK sendi inn var að því leyti að reglan um 7 leikjahæstu myndi taka gildi um áramót. Hitt var varðandi úrvalsdeildina og skráningu í deildina. Að hennar mati var það óöryggi fyrir lið sem eru í deildinni í vetur. Lið sem hafði fallið niður í 3. deild skráði sig í 1. deild. Þetta þarf að skoða betur að hennar mati.

ÍK sendi líka inn athugasemdir vegna ákvæðis um að lið skrái eigin dómara sem eigi að dæma í deildarkeppninni. Vonandi eftir nokkur ár verða fleiri lið í efstu deildunum.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tekur til máls og svarar Öglu um það er varðar 7 leikjahæstu leikmenn.

Hún ræðir sjálfboðaliðastarfið og hvetur til skráningar á vefinn Allir sem einn. Hún þakkar Aðalsteini fyrir vel unninn ársreikning. Yngriflokkaneftir fagnar þessu sérstaklega en finnst þó vanta útskýringar á því hvert peningarnir fóru sem voru ánaðir til nefndarinnar. Hún minntist á ferðasjóðinn og fannst mjög litlar upphæðir koma úr þessum sjóði. Hún vonaðist til að fá lið í úrvalsdeild út um allt land innan ekki svo mjög langs tíma. Það er óheyrilegur

peningur sem fer í ferðakostnað innanlands. T.d. væri hægt að setja á laggirnar jöfnunarsjóð innan okkar eigin sambands.

Hún spyr stjórn BLÍ um Íþróttahátíð æskunnar í Hollandi. Langar að vita meira um það.

Útbreiðsla og kynning – stjórn BLÍ veitti ákveðna peningaupphæð til YFN. Nefndin gat ekki nýtt peninginn sem hún höfum vælt yfir í nokkur ár. Það þarf fleira fólk til starfa fyrir hreyfinguna. Það þarf að halda þjálfaranámskeið og önnur fræðslunámskeið

Sigurbjörn Árni tekur til máls og spyr hvort refsispjöldin fylgi á milli leiktímabila.

Emil Gunnarsson tekur til máls

Hann ræddi um regluna varðandi 7 leikjahæstu leikmenn og vildi miða við 18 ára aldurstakmark í stað 3. flokks. Hann taldi það mikilvægt fyrir félögin að geta notað yngri leikmenn meira en nú er leyft. Hann sagðist ekki skilja orðalagið með spil á milli deilda.

Hlöðver Hlöðversson tekur til máls

Hann ræðir regluna um 7 leikjahæstu og telur hana takmarka notkun á leikmönnum á milli til dæmis fyrstu og þriðju deilda.

Valgeir Hilmarsson tekur til máls

Hann fagnaði setningarræðu formanns þar sem hann talaði um fjölmiðla. Hann hvetur stjórn áfram í þessum málum og vill líta til annarra sjónvarpsstöðva en RÚV. Hann telur að það hljóti að vera hægt að halda vel utan um talningu á 7 leikjahæstu leikmönnum eins og gert eð varðandi stigaskor leikmanna.

Gunnar Garðarsson tekur til máls

Í nýju reglugerðinni er gert ráð fyrir fjórfaldri umferð. Fyrir lið á landsbyggðinni er mikill ferðakostnaður og þau verða að velta hverri krónu fyrir sér þannig að fjölgun umferða í keppninni mun gera landsbyggðarliðunum erfiðara fyrir. Hann ræddi einnig landshlutakeppni í neðri deildum og sagði að einhverra hluta vegna hafi Norðurland klofið sig út úr þeirri deildakeppni Það voru 7 karlalíð að spila formlega innbyrðis í törnum. Það var engin tekjuliður fyrir BLÍ. Hvað getum við gert til að ná þessum liðum inn í deildakeppnina. Það er ný sýn fyrir okkur að sjá uppgjör BLÍ eins og það var sett upp hér hjá Aðalsteini.

Gunnar formaður kjörbréfanefndar tilkynnir að HSK kjörbréfið sé komið og þar eru þrír mættir: Gunnhildur Hinriksdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Jason Ívarsson. HSK hefur 6 fulltrúa og 3 mættir.

Þingforseti merkir tillögur þannig:

Rekstraráætlun þingskjal #1 vísað til fjárhagsnefndar

Tillaga um Íslandsmót þingskjal #2, vísað til allsherjarnefndar

Tillaga um starfsreglur aganefndar þingskjal #3, vísað til allsherjar- og leikreglnanefndar

Reglugerð um Öldungamót, þingskjal #4, í höndum þingforseta

Fyrir þinghlé sæmir Jason Ívarsson formaður BLÍ þau Mundínu Ásdísi Kristinsdóttur og Aðalstein Einar Eymundsson silfurmerki BLÍ.

Binghlé – Hádegisverður kl.11.15

## 11. Nefndarstörf – hefjast kl. 11.45

## 12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Pingforseti kallar eftir álitum nefnda klukkan 13.30.

Formaður Fjárhagsnefndarinnar, Aðalsteinn Einar Eymundsson  
Þingskjal 1 borið upp og samþykkt óbreytt út úr nefnd.

### **Formaður Allsherjar- og leikreglnanefndar tekur til máls: Stefán Jóhannesson**

Þingskjal númer 2: Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands.

Liður 1.3. Lögð til eina breytingu. Efsta deild í deildakeppni BLÍ er 2. deild EN => verður 1. deild. Við verðum semsagt með úrvalsdeild og svo 1. deild.

Liður 1.4. Lið úrvalsdeild falla ekki í 1. deild úr henni nema ef um 12 lið sé að ræða og efsta gjaldgenga lið 1. deildar tekur sæti í úrvalsdeild.

Liður 1.7. Rætt um sjö leikjahæstu leikmenn hvers liðs. Miklar umræður. Sigurbjörn kemur í pontu. Hugsunin er sú að viðkomandi geti spilað með næsta liði undirliðs viðkomandi félags.

Sjö leikjahæstu leikmönnum hvers liðs í úrvalsdeildinni er óheimil þátttaka í deildakeppninni. Þeir leikmenn úrvalsdeildar sem ekki eru meðal sjö leikjahæstu í hverju liði fyrir sig mega leika með einu undirliði sama aðildarfélags. Þeir leikmenn sem svo færast niður mega einungis spila í þeirri deild deildakeppninnar sem næst stendur úrvalsdeildinni. Þeir sjö leikmenn sem eru leikjahæstir í hverju liði í hverri deild í deildakeppninni mega ekki leika niður fyrir sig en aðrir mega færast niður á sama hátt og úrvalsdeildarleikmenn. Þetta gildir þó ekki um leikmenn sem tilheyra 3. flokki eða yngri sem mega spila með öllum deildum óháð leikjafjölda.

Leikmaður mátti aðeins leika með liði í næstu deild fyrir neðan en nú verður opnað á það að leikmenn mega leika með liði í neðri deild sem félagið þekur þátt í. Ef félagið tekur til dæmis þátt í 1. og 3. deild.

1.8. Stendur óbreytt en stjórn og framkvæmdastjóri þurfa að finna lausn á að telja leiki frelsingja.

Umræða um þáttökugjöld og hvenær þau eru ákveðin. Mikilvægt að það liggi fyrir áður en beiðni um þáttökutilkynningar eru send út.

2.1. Vantar inn í tvöfalda umferð ef 6 eða 7 lið taka þátt.

Breytingar í næsta kafla – þar sem stendur 2. deild þar á að vera 1. deild

Varðandi 5.3 og 5.4. Það er lagt til að því verði beint til aðaldómara að samþykkja aðstöðu stigaritara.

Þetta er afraksturinn og annað er óbreytt.

Þingskjal 3 – engar breytingar, aðeins umræður.

Þingforseti biður þingheim um umræður en enginn kvaddi sér hljóðs.

Breytingar á liði 1.3 borin um og samþykkt

Breytingar á liði 1.4 borin upp og samþykkt

Breytingar á liði 1.7 borin upp og samþykkt

Breytingar á liði 2.1 borin upp og samþykkt

Breytingar á lið 3.1 eru til samræmingar við lið 1.3

Breytingar á lið 5.3 borin upp og samþykkt

Breytingar á lið 5.4 bætist við aðaldómari skal samþykkja aðstöðu ritara, borin upp og samþykkt með breytingum um að þetta verði undir 5.3

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni borin upp í heild sinni og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 3 borið upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 4 sem þingforseti mælir fyrir – reglugerð um Öldungamót BLÍ. Borið upp og samþykkt.

### **13. Ákveðið gjald ævifélaga**

Jason tekur til máls. Lagt til að gjald ævifélaga verði óbreytt eða krónur 100.000. Samþykkt öllum greiddum atkvæðum

### **14. Önnur mál**

Mælendaskrá opnuð –

Hlöðver Hlöðversson tekur til máls. Hann lýsti ánægju sinni með störf þingsins. Hann ræddi nauðsyn þess að fjölga áhorfendum á leikjum og markaðssetningu í því sambandi. Hann ræddi einnig hvernig lýsingu og úrslitum á leikjum væri komið til fjölmiðla. Hann leggur það til að heimaliðið beri ábyrgð á því og að það verði hlutlaust í alla staði.

Hrafnhildur Theódórsdóttir

Hún vakti máls á auglýsingamöguleika félaganna í bikarkeppninni. Hún óskar eftir því að félögin sem leika til úrslita í bikarkeppninni fái rými á auglýsingaskiltunum kringum völlinn. Hún ræddi einnig fyrirkomulag og

framboðsfrest til kosninga í stjórn sambandsins. Hún rifjaði einnig upp orð sín frá fyrra þingi um það að fáar konur séu í stjórn og veltir því fyrir sér í framhaldinu hvort þær séu of uppteknar í verkefnum hjá félögum sínum. Í framhaldinu hvetur hún konur til þess að bjóða sig fram.

Emil Gunnarsson tekur til máls og hefur áhyggjur af árangri landsliðanna okkar í ár. Hann undrast slakan árangur landsliðanna þar sem margir frambærilegir leikmenn séu til staðar. Hann vill að farið verði í vinnu þar sem metið sé hvað hægt sé að gera til þess að bæta árangurinn.

Grétar tekur til máls og tekur undir með Emil og Tómasi. Hann hvetur til þess að farið sé í skipulega vinnu til þess þar sem metið verður hverskonar vinnu og verkefni verður farið í með landsliðin til dæmis með Smáþjóðaleikana 2015 í huga.

Hann ræddi einnig útbreiðslu- og markaðsmál og býðst til þess að aðstoða önnur félög í þeirri vinnu.

Guðrún Kristín Einarsdóttir

Um leið og hún þakkaði fyrir gott þing ræddi hún nauðsyn þess að fara í vinnu á mótun stefnu og markmiðasetningu fyrir hreyfinguna. Þar má m.a. nefna þjálfaramenntun, landsliðsstarf, útbreiðslu, kynningu og alþjóðleg mót yngri leikmanna.

Jason Ívarsson tekur til máls og svarar spurningum þingmanna.

Á íþróttahátíð æskunnar er keppt í blaki en þátttaka er háð styrkleikaflokkum svo að Ísland á ekki rétt til þátttöku að sinni.

Hann svaraði Hlöðveri með áhorfendafjölda á bikarkeppninni og vísaði til vinnu sem viðkomandi félög þurfa að vinna í því sambandi. Hann vísaði einnig í árlegt í bréf sem BLÍ sendir félögunum um umgjörð heimaleikja og ábyrgð heimaliðs að koma upplýsingum til fjölmiðla.

Hann þakkaði Grétari boð hans um aðstoð við markaðssetningu og kynningu. Varðandi orð Hrafnhildar um framboðsfrest þá tók hann undir það með henni og taldi að bæta þyrfti þar úr. Hann sagði einnig að fólk biði ekki í röðum til þess að taka þátt í stjórnunarstörfum en einstaklingar yrðu að finna þörf hjá sér til þess að bjóða fram krafta sína óháð kyni. Hann taldi rétt að athuga aðgang félagann að auglýsingaskiltum á bikarkeppninni.

Stefán Jóhannesson tekur til máls.

Landsliðsmálin eru hjá landsliðsnefnd sem hann er í forystu fyrir. Stjórn BLÍ er mjög ósátt við árangurinn að undanfögnu, sérstaklega á Smáþjóðaleikunum. BLÍ á eftir að fara nánar í saumana á því hvað fór úrskeiðis og hvað þarf að gera til þess að efla okkar lið.

Kostnaður við landsliðin eru stærstu liðirnir í reikningum þó að leikmenn séu að greiða megnið af sínum ferðakostnaði sjálfir. Spyrja má hvernig er þjálfunin hjá félögunum, hvernig er ástandið á leikmönnum þegar þeir koma inn í landsliðið? Vissulega væri gott að hafa þjálfara á launum allt árið en við höfum ekki haft burði til þess að reka svoleiðis stefnu.

Lagst verður í naflaskoðun á næstu vikum og síðan lögð fram áætlun um það hvernig unnið verður með málið áfram.

Það kom einnig fram að ÍSÍ gerir kröfur um að unnið verði til verðlauna á Smáþjóðaleikum. BLÍ fór í mjög metnaðarfullar aðgerðir þar sem tekið var þátt í HM í fyrsta sinn.

Sævar Már Guðmundsson tók til máls og ræddi Smáþjóðaleika 2015. Stjórn BLÍ skipaði Sævar sem ábyrgðarmann fyrir Smáþjóðaleikana 2015 og verður hann formaður nefndarinnar. Skipa þarf 5 manna nefnd sem heldur utan um framkvæmdarhlutann í blaki og í strandblaki. Það er ljóst að við þurfum mikla hjálp frá félögum þar sem það þarf um 20 sjálfboðaliða í vinnu fyrir hvern leik.

Stefnt er að því að blakið verði í Frjálsípróttahöllinni í Laugardal og strandblakið verði við Laugardalslaug.

Þetta er kynnt hér því það eru einungis tvö ár þangað til þessir leikar verða haldnir hér á landi og því ekki ráð nema í tíma sé tekið. Nefndin mun taka til starfa með haustinu.

## 15. Kosningar;

Jón Ólafur Valdimarsson tekur til máls sem formaður uppstillingarnefndar. Í nefndinni voru auk Jóns Ólafs, Sigurlaugur Ingólfsson, Heiðbjört Gyldfadóttir og Lilja Margrét Hreiðarsdóttir:

Kosning til formanns BLÍ. Jason Ívarsson bauð sig fram og var því sjálfkjörinn sem formaður til tveggja ára.

Kosning tveggja meðstjórnenda til næstu tveggja ára. Aðalsteinn Einar Eymundsson og Dagbjört Víglundsdóttir buðu sig fram og voru sjálfkjörin.

Varastjórn. Hreggviður Norðdahl, Mundína Ásdís Kristinsdóttir og Brynja Ólafsdóttir og voru þau sjálfkjörin í varastjórn BLÍ

Tveir skoðunarmenn reikninga: Davíð Búi Halldórsson og Hjörtur Bjarki Halldórsson voru kjörnir.

Þingforseti þakkar þingritara vel unnin störf og þingheimi fyrir gott þing og gaf svo Jasoni Ívarssyni formanni BLÍ orðið.

## 16. Þingslit

Formaður BLÍ þakkar þingheimi það traust að kjósa sig sem formann BLÍ. Hann benti á að héðan færu þingfulltrúar út sem ein heild með það að markmiði að vinna að framgangi blaksins á landinu. Hann þakkaði þeim sem gengu úr stjórn um leið og hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Formaður þakkaði svo þingfulltrúum fyrir vel unnin störf og málefnalega umræðu. Hann þakkaði einnig framkvæmdastjóra fyrir góða vinnu við ársskýrslu sambandsins og við undirbúning þingsins. Að lokum þakkaði hann þingforseta fyrir

röggsama stjórn á þingheimi og óskaði öllum góðrar heimkomu. Svo sagði hann 41. ársþingi BLÍ slitið.

*Þingi slitið klukkan 14.45.*

*Sævar Már Guðmundsson, þingritari.*

*Hreggviður Norðdahl þingforseti.*

## Rekstraráætlun fyrir 2013

	skýr	Áætlun 2013	Rauntölur 2012
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög og styrkir.....	1	12.000.000	11.638.670
Mótatekjur.....	2	10.000.000	9.299.041
Aðrar tekjur.....	3	12.000.000	8.589.305
		34.000.000	29.527.016
 <b>Rekstrargjöld</b>			
Yfirstjórn.....	4	9.000.000	7.191.806
Íþróttaleg viðskipti.....	5	18.500.000	18.581.510
Kynning og fræðsla.....	6	1.000.000	204.723
Önnur gjöld.....	7	500.000	743.250
Afskriftir.....	8	500.000	500.000
		29.500.000	27.221.289
 <b>Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		4.500.000	2.305.727
 <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur.....	9		0
Vaxtagjöld.....	10	-150.000	(232.194)
		(150.000)	(232.194)
 <b>Hagnaður (tap) ársins</b>		4.350.000	2.073.533



## **Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands**

### **1. Úrvalsdeild og Deildakeppni BLÍ**

- 1.1 Íslandsmót Blaksambands Íslands skal leikið annars vegar í Úrvalsdeild og hins vegar í Deildakeppni.
- 1.2 Úrvalsdeild Blaksambands Íslands skal skipuð að hámarki 12 liðum. Einungis eitt lið frá hverju aðildarfélagi BLÍ getur verið í Úrvalsdeildinni.
- 1.3 Deildakeppni Blaksambands Íslands skal leikin í jafn mörgum deildum og þurfa þykir hverju sinni en að jafnaði skal miðað við að hafa átta lið í deild. Efsta deild í Deildakeppni BLÍ er 1. deild. Þau lið sem ekki taka þátt í Úrvalsdeildinni (sjá grein 1.2.), þ.m.t. undirlið (s.s. b-lið) liða í Úrvalsdeildinni, geta tekið þátt í Deildakeppni BLÍ.
- 1.4 Lið Úrvalsdeildarinnar falla ekki úr henni nema ef um 12 liða deild sé að ræða. Þá fellur neðsta lið Úrvalsdeildarinnar í 1. deild óski efsta gjaldgenga lið 1. Deildar eftir sæti í Úrvalsdeild. Úrvalsdeildarlið geta samt óskað eftir tilfærslu í Deildakeppnina. Einungis getur þó eitt lið frá sama aðildarfélagi BLÍ verið í efstu deild Deildakeppninnar (sjá grein 3.3). Lið í Deildakeppninni geta skráð sig í Úrvalsdeildina sé ekki annað lið frá sama aðildarfélagi BLÍ fyrir í Úrvalsdeildinni.
- 1.5 Sama stigakerfi, leikreglur og reglur um notkun leikmanna gilda í Úrvalsdeildinni og Deildakeppninni nema að annað sé tilgreint. Til að vinna leik þarf þrjár unnar hrinur, hver hrina er upp í 25 en oddahrina er 15 stig. Tvö stig þarf að skilja á milli til að hrina vinnist. Ef spilað er með hraðmótafyrirkomulagi vinnst sigur í leik þegar tvær hrinur hafa unnist, annars sama fyrirkomulag.
- 1.6 Fyrir hvern unninn leik fær sigurliðið 3 stig, nema ef leikur endar 3 – 2 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig. Ef spilað er með hraðmótafyrirkomulagi fær sigurlið 3 stig nema ef leikur endar 2 – 1 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig.
- 1.7 Sjö leikjahæstu leikmönnum hvers liðs í Úrvalsdeildinni er óheimil þátttaka í Deildakeppninni. Þeir leikmenn Úrvalsdeildar sem ekki eru á meðal sjö leikjahæstu í hverju liði fyrir sig mega leika með einu undirliði sama

aðildarfélags. Þeir leikmenn sem svo færast niður mega einungis spila í þeirri deild Deildakeppninnar sem næst stendur Úrvalsdeildinni. Þeir sjö leikmenn sem eru leikjahæstir í hverju liði í hverri deild í Deildakeppninni mega ekki leika niður fyrir sig en aðrir mega færast niður á sama hátt og Úrvalsdeildarleikmenn. Þetta gildir þó ekki um leikmenn sem tilheyra 3.flokki eða yngri sem mega spila með öllum deildum óháð leikjafjölda.

- 1.8 Leikjafjöldi er talinn þannig að komi leikmaður inn á í leik telst hann hafa spilað leikinn. Frelsingi/frelsingjar á skýrslu teljast einnig hafa spilað leikinn (allar hrinur). Séu fleiri en einn leikmaður jafnir í sjöunda sæti yfir leikjahæstu leikmenn liðs skulu taldar hrinur til að skera úr um sjö leikjahæstu leikmenn. Séu leikmenn enn jafnir í sjöunda sæti má enginn þeirra spila með liði neðri deilda.
- 1.9 Ef tvö eða fleiri lið frá sama aðildarfélagi BLÍ leika í sömu deild Deildakeppni BLÍ má færa leikmenn á milli liða eftir að mótið er hafið að því tilskyldu að slík skipti milli liða séu tilkynnt til BLÍ. Almennar reglur félagaskipta um biðtíma leikmanna eftir leikheimild gilda um slíkar tilfærslur.
- 1.10 BLÍ er heimilt að selja nafn Úrvalsdeildarinnar og deilda innan Deildakeppninnar. Slíkur samningur skal vera BLÍ og liðunum í viðkomandi keppni til hagsbóta.
- 1.11 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 5. júlí ár hvert og skal sækja um leikmannaleyfi fyrir leikmenn liðanna í síðasta lagi 15. september ár hvert. BLÍ gefur út leyfi fyrir hvern leikmann fyrir upphaf Íslandsmóts og Deildakeppni BLÍ. Hver leikmaður getur verið á leikmannaleyfum tveggja liða sama aðildarfélags BLÍ.
- 1.12 Öll lið í Deildakeppni BLÍ greiða þátttökugjöld til BLÍ og skal liðum tilkynnt um upphæð gjalds fyrir næsta tímabil eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

## **2. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild**

- 2.1 Í Úrvalsdeild skal leikið í bæði karla- og kvennaflokki. Öllum blakfélögum á Íslandi innan ÍSÍ er heimilt að óska eftir þátttöku í Úrvalsdeildinni og skulu að hámarki 12 lið skipa deildina hverju sinni og tvöföld umferð leikin. Séu sex lið eða færri í Úrvalsdeild skal leika fjórfalda umferð og séu þrjú lið eða færri í Úrvalsdeild skal leika sexfalda umferð. Þegar hefðbundnum umferðum er lokið vinnur efsta liðið deildarmeistaratitil.

- 2.2 Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Leikin skal úrslitakeppni átta efstu liða. Deildarmeistararnir mæta liðinu sem varð í 8. sæti (leikur A), liðið í 2. sæti liðinu í 7. sæti (leikur B), liðið í 3. sæti liðinu í 6. sæti (leikur C) og liðið í 4. sæti liðinu í 5. sæti (leikur D). Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til undanúrslita og mætast þá annars vegar sigurvegarar í leikjum A og D og hins vegar sigurvegarar leikja B og C. Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og verður það lið Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.
- 2.3 Ef átta lið eða færri eru í Úrvalsdeildinni skal leikin úrslitakeppni fjögurra efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Deildarmeistararnir mæta liðinu sem varð í 4. sæti og liðið í 2. sæti liðinu í 3. sæti. Þau lið sem fyrst vinna tvo leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og verður það lið Íslandsmeistari sem fyrr vinnur þrjá leiki. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.
- 2.4 Ef þátttökulið í Úrvalsdeild eru fjögur eða færri skal úrslitakeppnin taka mið af því með því móti að neðsta liðinu í deildinni er aldrei heimilt að taka þátt í úrslitakeppninni. Ef úrslitakeppni er aðeins á milli þriggja efstu liða þá hvíla deildarmeistarar í undanúrslitum.
- 2.5 Þegar lið/félög hafa samþykkt leikjaplan fyrir úrslitakeppnina eru þau ábyrg fyrir að útvega keppnisstað sem uppfyllir kröfur BLÍ. Geti félag/lið ekki útvegað hús á tilsettum degi skal BLÍ í samráði við það félag sem á heimaleikjarétt finna aðra lausn.

### **3. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Deildakeppni**

- 3.1 Öllum blakfélögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka og hefur hvert blakfélag rétt á að senda til keppni eins mörg lið og það óskar. Keppt er í bæði karla- og kvennadeildum frá 1. deild og niður. Hver deild skal að jafnaði skipuð átta liðum og má einungis eitt lið frá sama aðildarfélagi BLÍ vera í efstu deild Deildakeppninnar nema ef Deildakeppnin er leikin í einni deild. Engin takmörk eru á fjölda liða frá hverju aðildarfélagi BLÍ í 2. deild og neðar. Mótanefnd BLÍ er heimilt að setja á riðlakeppni eftir landshlutum verði þátttaka þannig að slíkt sé mögulegt. Lið geta skráð sig til þátttöku í þeim riðli sem hentar best. Ef mögulegt er skal vera sama keppnisfyrirkomulag á mótahaldi vetrarins í riðlum sömu deildar.

- 3.2 Það lið sem sigrar deildarkeppni viðkomandi deildar er deildarmeistari þeirrar deildar eða deildarmeistari riðils þeirrar deildar sé deildinni riðlaskipt.
- 3.3 Í 1. deild skal leikin tvöföld umferð, heima og að heiman. Tvö neðstu lið 1. deildar falla niður í 2. deild (innan riðla ef riðlaskipt) og tvö efstu lið 2. deildar koma í þeirra stað (innan riðla ef riðlaskipt). Skrái lið 1. deildar sig til keppni í Úrvalsdeild skal færa þrjú lið (eða fleiri) upp úr 2. deild til að viðhalda réttum fjölda liða nema að Úrvalsdeildarlið skrái sig til keppni í Deildakeppninni á sama tíma. Að sama skapi ef Úrvalsdeildarlið skráir sig til keppni í Deildakeppninni skal færa þrjú (eða fleiri) neðstu lið 1. deildar niður í 2. deild til að viðhalda réttum fjölda liða nema að lið í 1. deild skrái sig til keppni í Úrvalsdeild á sama tíma. Þó er Mótanefnd BLÍ heimilt að fjölga liðum í 1. deild í allt að tíu vegna skráninga Úrvalsdeildarliða í Deildakeppnina. Fleiri en eitt lið frá hverju aðildarfélagi BLÍ geta þó ekki verið í 1. deild hverju sinni þannig að ef Úrvalsdeildarlið skráir sig til þátttöku í Deildakeppninni og lið frá sama aðildarfélagi BLÍ er fyrir í 1. deild færast það lið félagsins niður í 2. deild. Slíkar tilfærslur liða frá sama félagi á milli deilda vegna þess að félög mega ekki hafa meira en eitt lið í 1. deild eru gerðar áður en neðstu lið 1. deildar eru færð niður um deild. Allar tilfærslur sem miða að því að halda réttum fjölda liða í 1. deild skulu ganga niður í gengum allar neðri deildir.
- 3.4 Í 2. deild og þar fyrir neðan er leikið með hraðmótafyrirkomulagi. Leikin skal tvöföld umferð nema ef lið eru sjö eða færri en þá skal tilgreina fjölda umferða fyrir upphaf keppni í viðkomandi deild. Miðað skal við að liðin fái a.m.k. 14 leiki í deildarkeppninni. Tvö efstu lið í 2. deild færast upp og tvö neðstu liðin falla í 3. deild (innan riðla ef riðlaskipt). Úr 3. deild koma tvö efstu liðin upp og tvö neðstu liðin falla í 4. deild og svo koll af kolli (innan riðla ef riðlaskipt). Sömu reglur gilda um tilfærslu liða til að viðhalda réttum fjölda liða í deild eins og fram koma í grein 3.3. Þannig getur lið ekki farið upp úr 2. deild ef sama aðildarfélag BLÍ hefur lið fyrir í 1. deild. Í slíkum tilfellum færast næsta lið úr 2. deild upp.

#### 4. Ákvæði frá dómaranefnd.

- 4.1 Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf lið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Skal tilkynna til dómaranefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðrum kosti þarf að halda dómaranámskeið fyrir félagið. Dómaranefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómaranefnd skal a.m.k. halda eitt dómaranámskeið á ári.
- 4.2 Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 er heimilt að sekta liðið um **kr. 20.000,-** fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

- 4.3 Ef dómari getur ekki dæmt þann leik sem hann er settur á ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í Úrvalsdeild.
- 4.5 Dómarar skulu mæta ekki síðar en 30 mínútum fyrir leik. Ef dómari lætur ekki meðdómara eða heimalið vita að honum muni seinka vegna óviðráðanlegra atvika eða hreinlega mætir ekki til leiks án þess að tilkynna forföll og er ekki kominn í hús þegar hlutkesti fer fram geta fyrirliðar liðanna gert athugasemdir um það á leikskýrslu. Ef sami dómari hefur fengið a.m.k. þrjár slíkar athugasemdir á leikskýrslu þá getur dómaranefnd meinað þeim dómara að dæma frekar á keppnistímabilinu.

## 5. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja

- 5.1 Net skal vera uppsett og frágengið 30 mín. fyrir leik.
- 5.2 Netspírur, net, stigatöflur og tvö sett af skiptisþjöldum númeruð 1-20 skulu vera í lagi og skv. reglum þar aðlútandi. Leikklukku skal nota í Úrvalsdeild með virku bjöllumhljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé og tæknileikhlé.
- 5.3 Ritari, töflumaður, stigaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 30 mínútum fyrir leik. Stigaritun og ritun leikskýrslu má ekki vera innt af hendi af sama aðila. Ritari og töflumaður skulu starfa á svæði ritaraborðs og aðaldómari skal samþykka aðstöðu stigaritara. Mælst er til þess að boltafólk noti innanhússkó og það verður að ráða við verkið.
- 5.4 Stigaritari skal undirrita stigaskorblað undantekningarlaust. Mælst er til þess að sami aðili sjái um stigatalninguna allan leikinn, slíkt er líklegra til að tryggja samræmi.
- 5.5 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 30 mín. fyrir leik.
- 5.6 Tónlist skal vera til staðar um leið og vallarsvæði er laust fyrir leik.
- 5.7 Fyrir hvern leik skal farið eftir neðangreindum tímaramma:
- |                    |   |
|--------------------|---|
| 30 mín fyrir leik: | Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mælir bolta, athugar skiptisþjöld og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi. |
| 16 mín fyrir leik: | Dómari flautar leikmenn af velli, mælir nethæðina og kallar til framkvæmdaraðila leiks ef laga þarf nethæð  |

- 14 mín fyrir leik: Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna. Þjálfarar staðfesta leikmannalista liða sinna í kjölfarið.
- 12 mín fyrir leik: Formleg upphitun hefst.
- 2 mín fyrir leik: Dómari flautar og gefur merki um að 2 mínútur séu í leik.
- 30 sek fyrir leik: Dómari flautar leikmenn á völinn og aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna.
- Settur leiktími: Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.

- 5.8 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um kr. 10.000-.
- 5.9 Eftir leik í Úrvalsdeild skal senda úrslit til BLÍ og fjölmiðla.
- 5.10 Heimalið ber ábyrgð á því að leikskýrsla berist til skrifstofu BLÍ og skal sjá til þess að hún berist í síðasta lagi innan þriggja daga.

## **6. Heimild til mótanefndar**

- 6.1 Mótanefnd BLÍ er heimilt að breyta út frá reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóta ef ekki fæst næg þátttaka til að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar.

**Tillaga til 41. ársþings BLÍ frá dómarnefnd er að breyta viðurlögum vegna spjalda á þennan hátt í Starfsreglum Aganefndar Blaksambands Íslands:**

---

Í Leikreglum:

Refsirammi - viðurlög

1. Munnleg aðvörðun til fyrirliða um að nú sé liðið komið á aðvörðunarstig
2. Aðvörðun með gulu spjaldi, skráð á leikskýrslu en ekkert annað gerist í leiknum
3. Áminning með rauðu spjaldi, skráð á leikskýrslu og andstæðingur fær stig og sendiréttinn
4. Brottvísun með gulu og rauðu spjaldi í sömu hendi, skráð á leikskýrslu og ekkert annað gerist í leiknum. Leikmanni vikið af velli út hrinuna, þarf að sitja í refsireit.
5. Útilokun með gulu og rauðu í sitthvorri hendi, skráð á leikskýrslu, leikmanni vikið út fyrir vallarsvæðið

**Tillaga um að breyta 5. gr. 2 tl.**

- a) Fáir leikmaður 5 gul spjöld fer leikmaður sjálfkrafa í 1 leiks bann.
- b) Fáir leikmaður 3 rauð spjöld fer leikmaður sjálfkrafa í 1 leiks bann
- c) Fáir leikmaður **Brottvísun** í leik fer leikmaður sjálfkrafa í 1 leiks bann
- d) Fáir leikmaður **Útilokun** í leik fer leikmaður sjálfkrafa í 1 leiks bann
- e) Sé refsingunni **Útilokun** beitt skal dómari meta það hvort skilað verði inn sér skýrslu vegna atviksins til Aganefndar BLÍ. Dómarar hafa 24 klst. til að skila skýrslunni inn og Aganefnd ber skylda til að fjalla um skýrsluna innan við 48 klst. eftir að skýrsla berst og meta hvort viðkomandi leikmaður fái lengra bann eða ekki.

Aðrir töluliðir breytast ekki nema þá lagfæring á villum.

*Rökstuðningur*

*Leikreglum í blaki hefur verið breytt að þessu leyti og því er rökrétt að breyta viðurlögum við brot.*

*Tilkynnist það hér með að í samræmi við þessa breytingu verður gult spjald sem leikmaður fékk í leik keppnistímabilsins 2012-2013 að **rauðu spjaldi á næstu leiktíð** þar sem spjöld flytjast á milli tímabili en falla svo niður.*

# Starfsreglur Aganefndar Blaksambands Íslands

## 1. gr.

Aganefnd BLÍ skal skipuð 3 mönnum og einum til vara og sér stjórn BLÍ um tilnefningu þeirra.

## 2. gr.

Verksvið aganefndar er að fjalla um og kveða upp úrskurði um brot leikmanna, þjálfara, aðstoðarmanna og forystumanna félaga, sem framin eru í keppni (leik) eða á keppnisstað. Aganefnd fjallar þó einungis um þau brot sem kærð eru til hennar sbr. 5. gr. 1. lið.

## 3. gr.

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

## 4. gr.

Munnlegur málf lutningur er aðeins heimill þegar brot varðar við 3. og 4. tl. 5. gr. Þegar slíkt er heimilt skal aganefnd tilkynna aðilum fyrirtekt með þriggja sólarhringa fyrirvara og skal aðili þá flytja vörn sína og á ekki kost á frekari frestun.

## 5. gr.

1) Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra, en dómari skal koma kærinni til aganefndar. Kæra er heimil geri leikmaður, þjálfari eða aðstoðarmenn hans eða forystumenn félags sig seka um:

- a) að gagnrýna ákvörðun dómara,
- b) að viðhafa meiðandi, eða niðrandi ummæli um leikmenn, starfsmenn, áhorfendur eða dómara.
- c) aðra minniháttar óþrúðmannlega framkomu.

2) Sjái dómari sig tilneyddan að **aðvara með gulu spjaldi, áminna með rauðu spjaldi**, brottvísa með **gulu og rauðu í sömu hendi**, eða **útiloka með rauðu og gulu í sitthvorri hendi** leikmann eða þjálfara, skal auk þess refsast sem hér segir:

- a) **Aðvörðun með 5 gulum spjöldum = 1 leikur bann sjálfkrafa.**
- b) **Áminning með 3 rauðum spjöldum = 1 leikur bann sjálfkrafa.**
- c) **Brottvísun með gulu og rauðu spjaldi í sömu hendi = 1 leikur bann sjálfkrafa**



**d) Útilokun með gulu og rauðu spjaldi í sitthvorri hendi = 1 leikur bann sjálfkrafa**

**e) Sé refsingunni Útilokun beitt skal dómari meta það hvort hann skili inn skýrslu vegna atviksins til Aganefndar BLÍ. Dómarar hafa 24 klst. til að skila inn skýrslu og Aganefnd ber skylda til að fjalla um málið innan 48 klst. eftir móttöku skýrslunnar og meta hvort viðkomandi fái lengra bann eða ekki.**

Dómarar skulu sjá til þess að spjöld sé skráð á leikskýrslu.

- 3) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni í minnst 3 leiki. Við ítrekun komi minnst 6 leikja bann.
- 4) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi sem telst alvarlegs eðlis, gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni í ótiltekinn tíma og ef um ítrekun er að ræða, gæti refsingin orðið ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, lífstíðarbann.
- 5) Refsingar aganefndar er aðeins hægt að taka út í leikjum Íslandsmóts, bikarkeppni eða hliðstæðra móta og öðrum opinberum keppnum viðurkenndum af stjórn BLÍ.
- 6) Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri flokkum á sama leiktímabili, tekur refsingin aðeins til leikja í þeim flokki sem brotið var framið í, nema aganefnd ákveði annað.
- 7) Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni, eða neitar að halda leik áfram. Refsingin við því getur orðið, auk þess sem leikreglur í blaki mæla fyrir um, brottrekstur úr keppni, leikbann á alla leikmenn liðsins og sektir.
- 8) Gerist áhorfendur sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum eða dómurum, er heimilt að svipta það lið, sem leikurinn er leikinn hjá, næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggi leikmanna og starfsmanna telst tryggt.
- 9) Brot framin á einu leiktímabili gilda á því næsta en ekki lengur.

## **6. gr.**

Kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt 1. og 2. tölulið 5. gr. skal hann aðeins færa það inn á leikskýrslu í athugasemdir ásamt undirskrift sinni. En kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt 3. og 4. tölulið 5. gr. skal hann senda aganefnd ítarlega skýrslu um brotið innan 2 sólarhringa frá því að brotið er framið.

## **7. gr.**

Kærur skulu teknar til úrskurðar innan 3 sólarhringa frá því að kæran berst til aganefndar (sjá þó 4. gr.). Skal leikbann, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda í næsta leik á eftir að aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn. Eigi kærður leikmaður leik innan 3 sólarhringa frá því kæran berst, skal ef unnt er ljúka máli hans fyrir þann tíma.

## **38. öldungamót BLÍ – HKarlinn 2013 Öldungafing haldið í Kórnum 28. apríl 2013 kl. 21.00**

### **Fundargerð**

Karl Sigurðsson öldungur Hkarlins setur þingið og stingur upp á Sigurbirni Árna Arngrímssyni sem fundarstjóra og Hrafnhildi Theodórsdóttur sem fundarritara. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri setur þingið og fer yfir dagskrána.

1. Tillögur að breytingum á reglugerð um öldungamót
2. Kjör um næsta mótsstað
3. Önnur mál

### **Tillögur að breytingum á reglugerð**

Fyrir þinginu lágu 5 tillögur

**Tillaga 1.** Frá Massablak, nokkrir Massar mættir og strax gerður góður rómur að tillögu þeirra sem fjallar um að gerð verði sérstök vefsíða fyrir öldungamót BLÍ sem fylgdi mótinu þannig að ekki væri verið að finna upp hjólið á hverju ári. Umræður voru mjög jákvæðar og m.a. rætt hvort hægt væri að tengja þetta við heimasíðu BLÍ. Tillagan var samþykkt samhljóða og ákveðið að vísa málinu til ársþings BLÍ til úrvinnslu.

**Tillaga 2.** Frá blakdeild Völsungs – Enginn mættur frá Völsungi til að mæla fyrir tillögunni sem er viðbót við grein 2 og fjallar um að til þess að lið geti tekið þátt í öldungamótum þurfi þau að hafa tekið þátt í a.m.k. tveimur hraðmótum yfir veturinn eða í deildakeppni. Umræður voru neikvæðar og þótti fólki það einsýnt að erfitt yrði að fylgjast með þessu og að ýmis lið á öldungi væru samsett af keppendum sem spiluðu með hinum ýmsu liðum yfir veturinn. Tillagan borin upp og samþykkt að vísa henni frá.

**Tillaga 3.** Frá Hannesi Garðassyni. Nokkrar tillögur bárust frá Hannesi sem talaði sjálfur fyrir þeim. Þingið samþykkti breytingu á orðalagi 1. greinar reglugerðar um öldungamót sem hljómar þá svona (viðbótin er feitletruð); Mótið heitir Öldungamót BLÍ. Markmið þess er að útbreiða blakíþróttina, stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda. **Mótið skal vera vettvangur jákvæðra samskipta milli blaköldunga af öllu landinu með leikgleðina að leiðarljósi.**

Hannes lagði einnig fram breytingu sem veitti mótshaldara heimild til að stytta stigaskor í neðri deildum öldungamótsins en tilgangurinn var að reyna að stytta með því móti þann tíma sem mótshaldið tekur. Tillagan var felld með 31 atkvæði gegn 24.

Þriðja tillaga Hannesar var samþykkt samhljóða og fjallaði um dagskrá öldungabings og breytingar á 10. grein sem vera skyldi með þessu hætti; **Sjá grein 4.1. í reglugerð um öldungamót hér fyrir neðan.**

**Tillaga 4.** Frá blakdeild Aftureldingar – Guðrún Kristín formaður deildarinnar mælti fyrir tillögunni sem var samþykkt samhljóða en tillagan gengur út á það að í hverri deild færist tvö lið upp og niður – einnig í 1. deildum karla og kvenna. Tillagan samþykkt samhljóða. **Sjá grein 3.4 í reglugerð um öldungamót hér fyrir neðan.**

**Tillaga 5** var frá nefnd sem stjórn BLÍ skipaði til að yfirfara reglugerðina og var hún samþykkt eins og hún var lögð fyrir með breytingum sem bárust frá UMFG og Hannesi Garðarssyni. Reglugerðin er hér fyrir neðan eins og hún var samþykkt af þinginu. Björn Guðbjörnsson kom fyrir hönd nefndarinnar, kynnti tillöguna og lagði fyrir þingið.

## **Reglugerð um Öldungamót BLÍ**

### **Fyrsti kafli - Markmið og tilgangur**

**gr. 1.1** Mótíð heitir Öldungamót BLÍ. Markmið þess er að útbreiða blakíþróttina, stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda. Mótíð skal vera vettvangur jákvæðra samskipta milli blaköldunga af öllu landinu með leikgleðina að leiðarljósi.

**gr.1.2** Þátttaka í Öldungamóti BLÍ er heimil öllum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Vera skráður í FELIX, félagakerfi ÍSÍ sem iðkandi í blaki hjá félagi innan ÍSÍ
- b) Vera á keppnisárinu 30 ára eða eldri í öldungadeildum og 50 ára eða eldri í öðlingadeildum.
- c) Hver leikmaður leiki aðeins í einni deild og með einu liði. Öldungur getur gefið félagi leyfi til að færa liðsmann á milli deilda ef meiðsli koma upp í liði. Það gildir þó aðeins innan sama félags og aldrei úr efri deildum í neðri deildir.
- d) Félagaskipti þarf ekki að tilkynna.

### **Annar kafli – Umsókn um að halda næsta öldungamót og gjald til uppbyggingarstarfs**

**gr.2.1** Umsókn um að halda næsta öldungamót BLÍ skal sent inn til starfandi öldunganefndar og BLÍ, í síðasta lagi 21 degi fyrir næsta mótssdag, á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu BLÍ. Ekki er tekið við umsóknum nema á tilgreindu umsóknareyðublaði og skulu allir reitir útfylltir. Öldunganefndin mun síðan yfirfara umsóknirnar, kynna þær á vef mótssins og leggja þær síðan fram til atkvæðagreiðslu á öldungarþinginu.

**gr.2.2** Af þátttökugjaldi skal mótshaldari greiða til BLÍ upphæð sem nemur 25% af þátttökugjaldi eins og það er ákveðið ár hvert. Hafi mótshaldari/blakfélag ekki starfrækt yngriflokkastarf á yfirstandandi keppnistímabili skal hann greiða 40% af þátttökugjöldum til BLÍ.

**gr. 2.3** Fjármunir þessir skulu ætlaðir útbreiðslu - og yngriflokkastarfi á vegum BLÍ og ráðstöfun þeirra birt á sýnilegan hátt í ársskýrslu BLÍ ár hvert. Á móti skal BLÍ skipa 2 landsdómara til að hafa umsjón í samráði við mótshaldara með dómgæslu og niðurröðun dómara á öldungamótum BLÍ.

**gr. 2.4** Framkvæmdaraðili mótsins er ábyrgur fyrir því að úrslit séu send til BLÍ, eigi seinna en viku eftir að móti lýkur. Jafnframt skal BLÍ sjá til þess að skýrslur og úrslit öldungamóta birtist í ársskýrslu BLÍ hverju sinni. Hlutfall greiðslu til BLÍ skal endurskoðað á ársþingi sambandsins annað hvert ár.

## **Þriðji kafli - Framkvæmd öldungamóta**

**gr.3.1** Öldungur skipar tvo menn með sér í öldunganefnd, sem sér um framkvæmd mótsins hverju sinni og skal hlíta gildandi reglum.

**gr.3.2** Mótið skal haldið á þeim stað sem tilgreindur er í umsókn hverju sinni og eins nálægt 1. Maí eða sumardegnum fyrsta og auðið er.

**gr.3.3** Keppt skal um farandgrip í öllum deildum. Auk þess skulu 3 efstu lið hvernar deildar hljóta verðlaun.

**gr.3.4** Keppt skal í deildum. Í hverri deild eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö neðstu liðin niður í næstu deild og efstu tvö lið þeirrar deildar færast upp. Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.

**gr.3.5** Hver leikur er uppá 2 unnar hrinur, leikið skv. svokallaðri „rally point“ stigagjöf. Leikið er uppí 25 stig nema í oddahrinu upp í 15 stig. Hrina endar í 25 eða 15 stigum þó svo að aðeins eitt stig skilji lið að. Lið fær 1 stig fyrir unna hrinu í stigakeppni mótsins. Séu lið jöfn að stigum ræður hlutfall unninna og tapaðra hrina, sé það jafnt ræður skorhlutfall, það er unnin/töpuð stig. Sé skorhlutfall jafnt sker innbyrðis viðureign úr um röð. Nethæð í karladeildum er 2,35 m en í kvennadeildum 2,18 m. Hvoru liði er heimilt að taka eitt [1] leikhlé í hverri hrinu. Í mótinu er leyfður svonefndur frelsingi. Að öðru leyti gilda leikreglur BLÍ um blakkeppnina sjálfa.

**gr.3.6** Þátttökutilkynningar liða skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda öldunganefnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við grein 1.2. Skráning liðsmanna skal vera lokið amk 10 dögum áður en mótið hefst. Leikmaður tilheyrir því liði sem hann hefur leik með. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar leiknum 2 – 0 (25-0, 25-0).

**gr.3.7** Öldungaráð er skipað þremur síðustu öldungum, til vara koma næstu öldungur á undan í röð (fjórði síðasti, fimmti síðasta o.s.frv.). Síðasti öldungur er formaður öldungaráðs. Öldungaráð er öldunganefnd til ráðuneytis. Öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma varðandi starf öldunganefndar og framkvæmd öldungamóta, skal vísað til öldungaráðs og er úrskurður þess endanlegur. Skriflegum kærum skal skilað innan 30 mínútna eftir að viðkomandi leik lýkur og skal henni fylgja greiðsla kr. 5.000, sem endurgreiðist ef kæran er tekin til greina. Dómarar leiks geta

staðfest móttöku kæru ef ekki næst í öldung eða mótshaldara.

## **Fjórði kafli – Öldungaþing**

**gr.4.1** Öldungaþing skal haldið í tengslum við Öldungamótið. Öldunganefndin skal sjá um framkvæmd þess. Miða skal við kvöld fyrsta keppnisdags ef unnt er. Rétt til setu á Öldungaþingi hafa allir þátttakendur á Öldungamótinu ár hvert. Á Öldungaþingi hver hvert þáttökulið með 1 atkvæði. Á öldungaþingi ræður einfaldur meirihluti.

Mál sem lögð eru fyrir þingið skulu berast Öldungi eigi síðar en 21 degi fyrir fyrsta mótisdag.

Dagskrá þingsins er svohljóðandi;

- a) Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða
- b) Kosning Öldungs næsta Öldungamóts
- c) Breytingar á reglugerð um Öldungamót BLÍ, er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ.
- d) Önnur mál.

**gr.4.2** Þar sem reglur þessar ná ekki til, þá skulu reglur BLÍ gilda.

**gr.4.3** Reglur þessar öðlast gildi frá og með samþykki þeirra á ársþingi BLÍ.

Þannig samþykkt samhljóða ásamt umsóknareyðublaði á Öldungaþingi þann 28. apríl 2013

## **2. Kosning um öldung næsta móts**

Tvö blakfélög hafa sótt um að halda 39. Öldungamót BLÍ árið 2014 og eru það KA og Þróttur Nes.

Eygló Birgisdóttir öldungaefni KA kynnti umsókn frá norðanmönnum og frá Þrótti Nes kom Sigurður J. Jóhannsson sem kynnti umsókn Þróttar Nes. Fundarstjóri opnaði svo fyrir spurningar frá fundarmönnum og komu eingöngu spurningar til Sigurðar er vörðuðu m.s. gistiþláss, skemmtanahald og fleira sem því tengdist. Sigurður svaraði fyrirspurnum og því næst var gengið til atkvæða. Fulltrúar frá 61 liði greiddu atkvæði. (á lokahófi var tilkynnt að næsta mót yrði hjá KA á Akureyri )

## **3. Önnur mál**

Nú það fundarstjóri þá sem hefðu önnur mál að ræða að gefa sig fram, orðið væri laust. Enginn kvað sér hljóðs og fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og sleit þinginu kl. 23.15

*Kópavogi maí 2013*

*Hrafnhildur Theodórsdóttir þingritari*